

## Svar

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um stærð verslunarhúsnæðis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Liggja fyrir upplýsingar um heildarstærð verslunarhúsnæðis hér á landi og ef svo er, hve margir fermetrar eru á hvern mann?*
2. *Hvernig er þessu háttað í nálægum löndum?*
3. *Er meira fjárfest í verslunarhúsnæði hér á landi en í grannlöndunum?*

Ráðuneytið fór þess á leit við fjármálaráðuneytið að umbeðnum upplýsingum yrði komið til ráðuneytisins og leitaði fjármálaráðuneytið liðsinnis Fasteignamats ríkisins við öflun umræddra upplýsinga.

Í svari fjármálaráðuneytisins til ráðuneytisins kemur fram að í Landskrá fasteigna sé ekki gerður greinarmunur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði eftir tegund húsnæðis. Hins vegar sé notkun húsnæðis (óháð tegund) skráð í ákveðna flokka, þar á meðal verslun. Í svarinu kemur fram að samkvæmt notkunarskráningu í Landskrá fasteigna sé verslunarhúsnæði á Íslandi samtals um 1.150.000 m<sup>2</sup> en það er um 4 m<sup>2</sup> á hvern Íslending.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig þessu er háttað í nálægum löndum né hvort meira sé fjárfest í verslunarhúsnæði hér á landi en í grannlöndunum. Þar af leiðandi er ráðuneytinu því miður ekki unnt að veita svar við þeim spurningum.